

Tillaga
Afgreiðsla

A 1925/UKK og A1891/UKK
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit um þingmannatillögu um lög um skipaskemmtiferðir

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún geri úttekt á því hvaða aðgerðum sé þörf á til að auka námsmannaskipti milli Norðurlandanna og

að hún kanni möguleika á samnorrænni kynningaráætlun og sameiginlegum netvettvangi fyrir menntun á háskólastigi og námsmiðstöðva.

að hún kanni ólíkar leiðir til þess að námsmannaafsláttur af almenningssamgöngum á Norðurlöndum gildi fyrir allt norrænt námsfólk.

að hún kanni möguleika á samnorrænu stafrænu námsmannaskírteini.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

að þær vinni með virkum hætti að auknum námsmannaskiptum milli Norðurlanda á háskólastigi.

Bakgrunnsupplýsingar

Löng hefð er fyrir námsmannaskiptum á Norðurlöndum og þær sögulegu rætur eru einn af styrkleikum samstarfs okkar. Hins vegar eru skiptin ójöfn milli landanna og alþjóðleg samkeppni og stjórnsýsluhindranir aftra þeim. Heimsfaraldurinn hefur einnig leitt til þess að mörg ungmenni hika við að stunda nám utan heimalandsins.

Til að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims þarf að auka ýmis skipti milli landanna, þar á meðal námsmannaskipti. Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur því til að ríkisstjórnir Norðurlandanna vinni saman að því að gera nám utan landssteinanna að meira aðlaðandi kosti á Norðurlöndum.

Samkvæmt skýrslunni „Higher Education in the Nordic Countries“ frá árinu 2015 fer helmingur skiptinema frá Íslandi í nám til norræns ríkis en það gerir aðeins einn tíundi hluti skiptinema frá Svíþjóð. Þetta jafnvægi er mjög breytilegt milli landanna, en mun



fleiri skiptinemar koma til Danmerkur en fara frá landinu á meðan mun fleiri fara frá Finnlandi, Íslandi og Noregi til að stunda nám í öðrum löndum en koma til þessara landa.

Mikil þekking er til staðar um þær hindranir sem standa í vegi fyrir námi erlendis. Ef horft er framhá tímabundnum tölum, t.a.m. af völdum kórónuveirufaraldursins eða Brexit, þá eru það þættir eins og tungumálakröfur, orðspor landanna, löggildingarkröfur og námsframboð sem ráða því hvaða námsland og námslengd verður fyrir valinu (SSB 2017). En efnahagur skiptir einnig miklu máli. Kostnaðarstig, gjaldeyrissveiflur og styrkjakerfi skipta máli, einkum þegar námsfólk nýtur ekki aðstoðar fjölskyldunnar.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin vill auka þekkingu á lausnum og tækifærum innan norræns samstarfs. Skýrsla SBB sýnir að skýrir efnahagslegir og félagslegir þættir vega þyngst við val á námsstað fyrir öll Norðurlöndin. Nefndin biður því ráðherranefndina um að skoða þetta mál nánar með því að gera úttekt á því hvaða úrræðum má beita innan norrænu landanna og hvaða hindranir er hægt að afnema til að gera nám í öðru norrænu landi að áhugaverðari kosti.

Skoða verður hvort betur megi samþætta umsóknarferli og hvort bæta megi styrkjakerfi og félagslega umgjörð fyrir norræna skiptinema. Í skýrslunni „Higher Education in the Nordic Countries“ kemur fram að árangur Danmerkur í að laða að skiptinema megi að miklu leyti rekja til góðrar markaðssetningar háskólamenntunar þar í landi. Nefndin beinir því einnig þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar að skoða möguleikann á því að koma á samnorrænni kynningarátætlun og sameiginlegum netvettvangi þar sem allar norrænar menntastofnanir geta komið sér á framfæri og til að gera nám á Norðurlöndum að aðgengilegri og eftirsóknarverðari kosti.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur hreyfanleika námsmanna milli norrænu landanna vera einn mikilvægasta liðinn í því að gera framtíðarsýnina um Norðurlönd sem samþættasta svæði heims árið 2030 að veruleika.

Aukinn hreyfanleiki námsmanna hefur jákvæð áhrif á bæði heimalandið og móttökulandið. Að stunda nám í öðru norrænu landi getur verið leið til að sækja sér menntun í hæsta gæðaflokki sem ekki er í boði í heimalandinu. Það getur einnig opnað fyrir tækifæri á vinnumarkaði og bætt ráðningarhæfi á sífellt alþjóðlegri vinnumarkaði. Hreyfanleiki námsmanna á Norðurlöndum hefur einnig jákvæð áhrif á norrænan tungumálaskilning.

Þeir sem snúa aftur til heimalandsins eiga einnig þátt í því að auka þekkingu og færni í landinu og geta hjálpað heimalandinu að samþættast alþjóðlegu þekkingarneti.



Alþjóðlegt flæði námsmanna sýnir einnig, samkvæmt OECD, að nálægð við menningu, tungumál og stað skiptir miklu máli þegar námsmenn velja sér námsland. Þess vegna þarf að skoða allar mögulegar aðgerðir sem geta leitt til aukins hreyfanleika námsmanna.

Nefndin er meðvituð um að Nordplus-áætlunin hefur stuðlað að auknum hreyfanleika námsmanna. Um leið er í tillögunni bent á að þörf er á aðgerðum til að snúa flæðinu við og að skapa þarf rými fyrir aukinn hreyfanleika.

Auk þess að úttekt verði gerð með beinum tillögum um aðgerðir styður nefndin tillöguna um sameiginlegar aðgerðir um markaðssetningu háskólanna og að möguleikinn á sameiginlegum vettvangi á netinu verði skoðaður. Slíkt myndi auðvelda námsfólki að stunda nám í öðru norrænu landi og vekja athygli á norrænu háskólanámi.

Meirihluti nefndarinnar telur þá staðreynd að landsbundin námsmannaskírteini gefi ekki sjálfkrafa rétt á námsmannaafslætti fyrir almenningssamgöngur í öðrum norrænum löndum vera hindrun fyrir hreyfanleika. Samnorræn námsmannaskírteini myndu leysa þessa hindrun og Norræna ráðherranefndin ætti því að kanna þær leiðir sem standa til boða til að gera þau að veruleika.

Aukinn hreyfanleiki námsmanna ætti að hafa jákvæð áhrif á framtíðarsýnina um Norðurlönd sem sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi. Auk þess ætti hann að hafa jákvæð áhrif á vinnumarkað framtíðarinnar.

Kaupmannahöfn, 5. september 2023

Camilla Gunell (ÅSD)

Henrik Møller (S)

Lars Mejern Larsson (S)

May Britt Lagesen (A)

Pinja Perholehto (sd)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Marko Kilpi (saml)

Noora Fagerström (saml)

Ville Väyrynen (saml)

Ulrica Liljeberg, (C)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Kathrine Kleveland (Sp)

Lotta Johnsson Fornarve (V)

Victoria Tiblom (SD)

Helge André Njåstad (FrP)